

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/70/EB

2008/EES/78/20

frá 1. ágúst 2006

Þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB að því er varðar skilgreininguna á „einstaklingur í pólitískum áhættuhópi“ og tæknilegar kröfur varðandi einfaldaða skoðun með tilhlýðilegri kostgæfni á áreiðanleika viðskiptamanns og varðandi undanþágur á grundvelli fjármálastarfsemi sem stunduð er stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi⁽¹⁾, einkum a-, b- og d-liðar 1. mgr. 40 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2005/60/EB er þess krafist að stofnanir og einstaklingar, sem tilskipunin tekur til, beiti, samkvæmt áhættumati, ítarlegri ráðstöfunum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna (customer due diligence) [D: tilhlýðilegri kostgæfni við skoðun viðskiptamanna], að því er varðar viðskipti eða viðskiptatengsl við einstaklinga sem eru í pólitískum áhættuhópi og búsettir eru í öðru aðildarríki eða í þriðja landi. Í tengslum við þessa áhættugreiningu er rétt að stofnanir og aðilar, sem tilskipunin tekur til, beini kröftum sínum einkum að afurðum og viðskiptum sem einkennast af mikilli hættu á peningabætti. Lítið er svo á að einstaklingar í pólitískum áhættuhópi séu einstaklingar sem gegna áberandi opinberum stöðum]D: eru falin mikilvæg opinber störf], nánustu fjölskyldumeðlimir þeirra og einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn slíkra einstaklinga. Til að koma á samræmdri beitingu á hugtakinu einstaklingur í pólitískum áhættuhópi er nauðsynlegt að taka tillit til félagslegs, pólitísku og efnahagslegs munar milli hlutaðeigandi landa við ákvörðun á því til hvaða hópa einstaklinga hugtakið skuli ná.
- 2) Svo gæti farið að stofnunum og einstaklingum, sem falla undir tilskipun 2005/60/EB, takist ekki að skilgreina viðskiptamann sem einstakling sem fellur undir einn af flokkum pólitískra einstaklinga í áhættuhópi, jafnvel þótt þær hafi gripið til sanngjarnra og viðeigandi ráðstafana til þess. Við slíkar aðstæður skulu aðildarríkin, þegar þau beita heimildum sínum við framkvæmd þeirrar tilskipunar, taka eðlilegt tillit til þess að nauðsynlegt er að tryggja að þessir einstaklingar séu ekki sjálfkrafa dregnir til ábyrgðar vegna slíkra mistaka. Aðildarríkin skulu einnig íhuga að auðvelda stofnunum og einstaklingum að fylgja þeirri tilskipun með því að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar í þessu sambandi.

- 3) Opinberar stöður á lægra stigi en á landsvísu skulu að jafnaði ekki teljast áberandi. Þar sem pólitísk áhætta þeirra er þó sambærileg svipuðum stöðum á landsvísu, skulu stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, taka til athugunar, samkvæmt áhættumati, hvort einstaklingar sem gegna þessum opinberu stöðum skuli teljast til einstaklinga í pólitískum áhættuhópi.

- 4) Þar sem þess er krafist í tilskipun 2005/60/EB að stofnanir og einstaklingar, sem tilskipunin tekur til, staðfesti deili á nánum samstarfsmönnum einstaklinga sem gegna áberandi opinberum stöðum, gildir þessi krafa að því marki að tengslin við samstarfsmanninn séu opinber eða að stofnunin eða einstaklingurinn hafi ástæðu til að ætla að slík tengsl séu til staðar. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir virkri rannsókn af hálfu stofnana og einstaklinga sem tilskipunin tekur til.

- 5) Einstaklingar sem falla undir hugtakið einstaklingur í pólitískum áhættuhópi skulu ekki teljast til slíkra að liðnu lágmarkstímabili frá því að þeir hætta að gegna áberandi opinberum stöðum.

- 6) Þar eð venjan er, í samræmi við tilskipun 2005/60, að laga almennar aðferðir við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna samkvæmt áhættumati, að aðstæðum þar sem lítil áhætta ríkir og í ljósi þess að einfölduð málsmeðferð við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna kallar á viðeigandi eftirlit og jöfnuð annars staðar í kerfinu sem miðar að því að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, skal takmarka beitingu einfaldaðrar málsmeðferðar við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna við fá tilvik. Í slíkum tilvikum er ekki fallið frá kröfum til stofnana og einstaklinga sem tilskipunin tekur til, heldur er þeim ætlað, m.a., að sjá um framkvæmd stöðugs eftirlits með viðskiptatengslunum, í því skyni að geta greint flókin eða óvenjulega umfangsmikil viðskipti, sem hafa að því er virðist engan efnahagslegan eða sýnilega löglegan tilgang.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 214, 4.8.2006, bls. 29. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 29.3.2007, p. 19.

(1) Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

- 7) Innlend opinber yfirvöld teljast almennt til áhættulitilla viðskiptamanna innan eigin aðildarríkja og geta fallið undir einfaldaða málsmeðferð við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna í samræmi við tilskipun 2005/60/EB. Hins vegar falla engar af stofnunum, aðilum eða skrifstofum Bandalagsins, þ.m.t. Seðlabanki Evrópu, í tilskipuninni beint undir flokkinn „inlend opinber yfirvöld“ eða, í tilviki Seðlabanka Evrópu, undir „lána- og fjármálastofnun“ og þar með undir einfaldaða málsmeðferð við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna. Þar sem þessir aðilar virðast ekki skapa mikla hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skulu þeir þó teljast til áhættulitilla viðskiptamanna og njóta góðs af einfaldaðri málsmeðferð við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, að því tilskildu að viðeigandi viðmiðanir séu uppfylltar.
- 8) Enn fremur ætti að vera unnt að beita einfaldaðri málsmeðferð við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna þegar um er að ræða lögaðila, sem stunda fjármálastarfsemi, sem falla ekki undir skilgreininguna á fjármálastofnun skv. tilskipun 2005/60/EB en eru háðir innlendra löggjöf samkvæmt þeirri tilskipun og fara að kröfum um gagnsæi viðskipta og fullnægjandi eftirlitskerfi, einkum aukið eftirlit. Þetta gæti átt við um fyrirtæki sem bjóða upp á almenna tryggingaþjónustu.
- 9) Það ætti að vera unnt að beita einfaldaðri málsmeðferð við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna gagnvart afurðum og tengdum viðskiptum við afmarkaðar aðstæður, t.d. þar sem ávinning fjármálaafurðarinnar sem um ræðir er almennt ekki unnt að innleysa í þágu þriðju aðila og slíkur ávinningur er einungis innleysanlegur að löngum tíma liðnum, s.s. ýmsir fjárfestingartryggingar-samningar eða sparnaðarafurðir, eða þegar fjármálaafurðin felst í fjármögnun efnislegra eigna í formi leigusamninga, þar sem löglegt og raunverulegt eignarhald eignarinnar sem liggur til grundvallar helst hjá eignarleigufyrirtækinu, eða í formi lágra neytendalána, að því tilskildu að viðskiptin fari fram gegnum bankareikninga og séu undir viðeigandi viðmiðunarfjárhæðum. Afurðir undir eftirliti ríkisins, sem er yfirleitt beint til tiltekinna flokka viðskiptavina, á borð við sparnað fyrir börn, skulu njóta hagræðis af einfaldaðri málsmeðferð við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna jafnvel þótt allar viðmiðanir séu ekki uppfylltar. Litið skal á eftirlit ríkisins sem starfsemi umfram almennt eftirlit með fjármálamörkuðum og ekki skal litið svo á að það nái yfir afurðir, þ.m.t. skuldabréf, sem gefnar eru út beint af ríkinu.
- 10) Áður en aðildarríkin heimila notkun einfaldaðrar málsmeðferðar við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna skulu þau leggja mat á það hvort viðskiptamönnum eða afurðum og tengdum viðskiptum fylgi lítil hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, nánar tiltekið með því að fylgjast sérstaklega með allri starfsemi þessara viðskiptamanna eða hverri tegund afurða eða viðskipta sem einkum telst líkleg, vegna eðlis síns, til að verða notuð eða misnotuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Einkum skulu allar tilraunir viðskiptamanna, í tengslum við áhættulitlar afurðir til þess að aðhafast nafnlaust eða fela hverjir þeir eru, teljast áhættuþáttur og hugsanlega grunsamlegar.
- 11) Við tilteknar aðstæður geta einstaklingar eða lögaðilar stundað fjármálastarfsemi stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti sem viðbót við aðra starfsemi en fjármálastarfsemi, s.s. hótél sem bjóða viðskiptavinum sínum upp á gjaldeyrismiðlun. Samkvæmt tilskipun 2005/60/EB er aðildarríkjum heimilt að ákveða að tilskipunin gildi ekki um slíka fjármálastarfsemi. Mat á því hversu oft eða að hve miklu leyti starfsemin fer fram skal gert með vísun til stærðartakmarkana í tengslum við viðskiptin og veltu fyrirtækisins sem um ræðir. Þessar stærðartakmarkanir skulu ákveðnar innanlands, eftir því hvers konar fjármálastarfsemi er um að ræða, svo að tillit sé tekið til mismunar milli landa.
- 12) Auk þess skal aðili, sem stundar fjármálastarfsemi stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti, ekki veita almenningi víðtæka fjármálaþjónustu heldur eingöngu þá sem þörf er á til að bæta afkomu aðalstarfsemi hans. Þegar aðalatvinnurekstur einstaklings tengist starfsemi sem tilskipun 2005/60/EB tekur til, skal ekki veita undanþágu fyrir fjármálastarfsemi sem stunduð er stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti, nema þegar um er að ræða kaupmenn.
- 13) Viss fjármálastarfsemi, s.s. þjónusta við millifærslu peninga og greiðslumiðlunarþjónusta er líklegri til að vera notuð eða misnotuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Því er nauðsynlegt að tryggja að þessi eða sambærileg fjármálastarfsemi sé ekki undanþegin gildissviði tilskipunar 2005/60/EB.
- 14) Setja ber ákvæði um að ákvarðanir, skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB, megi afturkalla eins fljótt og unnt er, ef þörf er á.
- 15) Aðildarríkin skulu tryggja að ákvarðanir um undanþágu séu ekki misnotaðar til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Einkum skulu þau forðast að samþykkja ákvarðanir skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB í tilvikum þar sem eftirlits- eða fullnustuaðgerðir innlendra yfirvalda valda sérstökum vandkvæðum vegna þess að valdsvið tveggja eða fleiri aðildarríkja skarast, s.s. að veita fjármálaþjónustu um borð í skipum sem veita flutningaþjónustu milli hafna í mismunandi aðildarríkjum.

- 16) Beiting þessarar tilskipunar hefur ekki áhrif á beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2580/2001 frá 27. desember 2001 um sérstakar, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknum einstaklingum og aðilum í þeim tilgangi að berjast gegn hryðjuverkum⁽¹⁾ og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 881/2002 frá 27. maí 2002 sem leggur á tilteknar, sérstakar, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknum einstaklingum og aðilum sem tengjast Osama bin Laden, Al-Qaida-samtökunum og talibönnum og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 467/2001 um bann við útflutningi á tilteknum vörum og þjónustu til Afganistans, styrkingu flugbanssins og rýmkun heimilda til frýstingar fjármuna og annars fjármagns að því er tekur til talibana í Afganistan⁽²⁾.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Inntak

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um framkvæmdaráðstafanir vegna tilskipunar 2005/60/EB að því er varðar eftirfarandi:

1. tæknilega þætti skilgreiningarinnar á einstaklingum í pólitískum áhættuhópi sem um getur í 8. mgr. 3. gr. í þeirri tilskipun,
2. tæknilegar viðmiðanir til að meta hvort tilteknum aðstæðum fylgi lítil hættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, eins og um getur í 2. og 5. mgr. 11. gr. í þeirri tilskipun,
3. tæknilegar viðmiðanir til að meta hvort réttlætlanlegt sé, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB, að beita ekki þeirri tilskipun gagnvart tilteknum lögaðilum eða einstaklingum sem stunda fjármálastarfsemi stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti.

2. gr.

Einstaklingar í pólitískum áhættuhópi

1. Eftirfarandi skulu teljast til „einstaklinga sem gegna eða hafa gegnt áberandi opinberum stöðum“, að því er varðar 8. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB:

- a) þjóðhöfðingjar, ríkisstjórnarleiðtogar, ráðherrar og staðgenglar ráðherra eða aðstoðaráðherrar,

- b) þingmenn,
- c) hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómsaðilar sem fella úrskurði sem ekki er hægt að áfrýja frekar nema við sérstakar aðstæður.
- d) aðilar endurskoðunarréttar eða stjórnarmenn seðlabanka,
- e) sendiherrar, staðgenglar sendiherra og háttsettir yfirmenn í hernum,
- f) menn í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkisins.

Ekki skal litið svo á að neinn af þeim flokkum, sem settir eru fram í a- til f-lið fyrstu undirgreinar, nái yfir almenna embættismenn eða lágt setta embættismenn.

Flokkarnir sem settir eru fram í a- til e-lið fyrstu undirgreinar skulu eiga við um stöður á vettvangi Bandalagsins og á alþjóðavettvangi, eftir því sem við á.

2. Að því er varðar 8. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB skulu „nánustu aðstandendur“ taka til eftirfarandi:

- a) maka
- b) sambýlismanns/-konu sem samkvæmt landslögum jafngildir maka,
- c) barna ásamt mökum eða sambýlismönnum/-konum þeirra,
- d) foreldra.

3. Að því er varðar 8. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB skulu „einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn“ taka til eftirfarandi:

- a) einstaklinga sem vitað er að eigi sameiginlegan, raunverulegan eignarétt á lögaðilum eða löglegri tilhögun eða önnur nánir viðskiptatengsl við einstakling sem um getur í 1. mgr.,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 344, 28.12.2001, p. 70. Reglugerðinni var síðast breytt með ákvörðun 2006/379/EB (Stjtið. ESB L 144, 31.5.2006, p. 21).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 139, 29.5.2002, p. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 674/2006 (Stjtið. ESB L 116, 29.4.2006, p. 58).

b) einstaklinga sem eiga einir raunverulegan eignarrétt á lögadila eða löglegri tilhögun sem vitað er að hafi verið í reynd komið á fót í þágu einstaklingsins sem um getur í 1. mgr.

4. Með fyrirvara um beitingu ítarlegri ráðstafana um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna samkvæmt áhættumati, skal stofnunum og einstaklingum, sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB, ekki skylt að telja einstakling, sem hefur ekki gegnt áberandi opinberri stöðu, í skilningi 1. mgr. þessarar greinar, í a.m.k. eitt ár, til aðila í pólitískri áhættu.

3. gr.

Einfölduð málsmeðferð við könnun á áreiðanleika viðskiptamanna

1. Að því er varðar 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2005/60/EB er aðildarríkjunum heimilt, með fyrirvara um 4. mgr. þessarar greinar, að telja viðskiptavini, sem eru opinber yfirvöld eða opinberir aðilar og uppfylla öll eftirfarandi skilyrði, til viðskiptavina sem fylgir lítil hætta á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka:

- a) viðskiptamanninum hefur verið falið að gegna opinberri stöðu samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið, stofnsáttmála Evrópubandalaganna eða afleiddri löggjöf Bandalagsins,
- b) upplýsingar um deili á viðskiptamanni eru aðgengilegar almenningi, gagnsæjar og öruggar
- c) starfsemi viðskiptamanns, ásamt reikningsskilavenjum hans, eru gagnsæjar,
- d) viðskiptamaðurinn er annað hvort ábyrgur gagnvart Bandalagsstofnun eða yfirvöldum aðildarríkis, eða viðeigandi aðferðir eru til sem tryggja eftirlit með starfsemi viðskiptamanns.

2. Að því er varðar 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2005/60/EB er aðildarríkjunum heimilt, með fyrirvara um 4. mgr. þessarar greinar, að telja viðskiptavini sem eru lögadilar, sem njóta ekki stöðu opinberra yfirvalda eða opinberra aðila en uppfylla öll eftirfarandi skilyrði, til viðskiptavina sem fylgir lítil hætta á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka:

- a) viðskiptamaðurinn er aðili sem stundar fjármálastarfsemi sem fellur fyrir utan gildissviðs 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB en innlend löggjöf hefur rýmkað skyldur þeirrar tilskipunar þannig að þær nái til hans, skv. 4. gr. tilskipunarinnar
- b) upplýsingar um deili á viðskiptamanninum eru aðgengilegar almenningi, gagnsæjar og öruggar

c) viðskiptamaðurinn er háður lögboðnum kröfum um veitingu leyfis til að stunda fjármálastarfsemi samkvæmt landslögum og synja má um leyfisveitingu ef lögbær yfirvöld eru þess ekki fullviss að einstaklingarnir, sem í reynd stjórna eða munu stjórna starfsemi slíks aðila eða raunverulegur eigandi slíkrar starfsemi, séu hæfir og viðeigandi,

d) viðskiptamaður fellur undir eftirlit lögbærra yfirvalda, í skilningi 3. mgr. 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB, með því hvort hann uppfyllir innlenda löggjöf sem lögleiðir þá tilskipun og viðbótarskyldur innlendir löggjafar, þar sem við á,

e) við vanefndir viðskiptamanns á skyldunum sem um getur í a-lið sætir hann viðurlögum sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi, þ.m.t. möguleika á viðeigandi stjórnsýsluráðstöfunum eða álagning stjórnsýsluviðlaga.

Aðili, eins og um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, tekur einungis til dótturfélaga að því marki sem skyldur samkvæmt tilskipun 2005/60/EB hafa verið rýmkaðar svo að þær taki til þeirra sem dótturfyrirtækja

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skulu lögbær yfirvöld hafa eftirlit með starfsemi viðskiptamannsins. Eftirlit, í þessu samhengi, telst vera eftirlitsstarfsemi með ítrustu valdheimildum til eftirlits, þ.m.t. möguleikinn á að láta fara fram vettvangsskoðanir. Slíkar skoðanir skulu taka til endurskoðunar á stefnum, verklagsreglum, bókhaldi og skjölum og skulu ná til úrtaksprófana.

3. Að því er varðar 5. mgr. 11. gr. tilskipunar 2005/60/EB er aðildarríkjunum heimilt, með fyrirvara um 4. mgr. þessarar greinar, að leyfa stofnunum og aðilum, sem heyra undir þá tilskipun, að líta svo á að afurðum, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði, eða viðskiptum sem tengjast slíkum afurðum, fylgi lítil hætta á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka:

- a) afurðin er byggð á skriflegum, samningsbundnum grunni,
- b) tengd viðskipti fara fram gegnum reikning viðskiptamannsins hjá lánastofnun sem tilskipun 2005/60/EB tekur til eða lánastofnun í þriðja landi sem gerir sambærilegar kröfur við þær sem settar eru fram í þeirri tilskipun,
- c) afurðin eða tengd viðskipti eru ekki nafnlaus og eðli þeirra er slíkt að tímanleg beiting c-liðar 7. gr. tilskipunar 2005/60/EB er heimil,

- d) afurðin er háð hámarks viðmiðunarmörkum sem ákveðin eru fyrir fram,
- e) ekki er unnt að innleysa ávinning af afurðinni eða tengdum viðskiptum í þágu þriðju aðila nema til komi dauðsfall, fötun, við tiltekinn aldur, sem ákveðinn er fyrirfram, eða svipaðir atburðir,
- f) þegar um er að ræða afurðir eða tengd viðskipti sem gera ráð fyrir fjárfestingu fjármuna í fjáreignum eða fjákröfum, þ.m.t. váttryggingakröfum eða öðrum óvissum kröfum:
- i) ávinningur af afurðinni eða tengdum viðskiptum er einungis innleysanlegur til lengri tíma litið,
- ii) afurðina eða tengd viðskipti er ekki hægt að nota sem tryggingu,
- iii) á þeim tíma sem samningsbundin tengsl vara eru engar umframgreiðslur miðað við samning, engin endurkaupaákvæði notuð og engar uppsagnir á samningum fyrir lok samningstímans eiga sér stað

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skulu viðmiðunarmörkin, sem kveðið er á um í a-lið 5 mgr. 11. gr. tilskipunar 2005/60/EB, gilda þegar um er að ræða váttryggingasamninga eða sparnaðarafurðir svipaðs eðlis. Með fyrirvara um þriðju undirgrein skulu hámarksviðmiðunarmörkin vera 15 000 evrur í öðrum tilfellum. Aðildarríkjunum er heimilt að víkja frá þeim viðmiðunarmörkum þegar um er að ræða afurðir sem tengjast fjármögnun á efnislegum eignum og þar sem löglegt og raunverulegt eignarhald eignanna færast ekki til viðskiptamannsins fyrr en við lok samningsbundnu tengslanna, að því tilskildu að viðmiðunarmörkin, sem aðildarríkið ákveður fyrir viðskipti tengd þessari tegund afurðar, hvort sem viðskiptin fara fram í einni aðgerð eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri, fari ekki yfir 15 000 evrur á ári.

Aðildarríkjunum er heimilt að víkja frá viðmiðunum sem sett eru fram í e- og f-lið fyrstu undirgreinar þegar um er að ræða afurðir sem viðkomandi innlend, opinber yfirvöld ákvarða einkennin á með almannahagsmuni að leiðarljósi, og sem njóta ákveðinna fyrirgreiðslna frá ríkinu í formi beinna styrkja eða skattaafsláttar, og notkun þeirra er háð eftirliti þessara yfirvalda, að því tilskildu að ávinningurinn af afurðinni sé einungis innleysanlegur til lengri tíma litið og að viðmiðunarmörkin, sem ákveðin eru að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar, séu nægilega lág. Ákvarða má árlega hámarksfjárhæð fyrir þau viðmiðunarmörk, þar sem við á.

4. Við mat á því hvort viðskiptamenn eða vörur og viðskipti sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. gefi til kynna litla áhættu á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skulu aðildarríkin veita sérstaka athygli hverri þeirri starfsemi þeirra viðskiptamanna eða hverri tegund vöru eða viðskipta sem teljast sérlega líkleg, vegna eðli síns, að notuð eða misnotuð verði til peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Aðildarríkin skulu ekki líta svo á að viðskiptamönnum eða afurðum og viðskiptum, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., fylgi lítil hætta á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka ef fyrir liggja upplýsingar sem gefa til kynna að hætta á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé e.t.v. ekki lítil.

4. gr.

Fjármálastarfsemi stunduð stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti

1. Að því er varðar 2. mgr. 2 gr. tilskipunar 2005/60/EB geta aðildarríkin, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, litið svo á að lögaðilar eða einstaklingar, sem stunda fjármálastarfsemi sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði, heyri ekki undir gildissvið 1. eða 2. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar:

- a) algilt er að fjármálastarfsemin sé takmörkuð,
- b) fjármálastarfsemin er takmörkuð á grundvelli viðskipta,
- c) fjármálastarfsemin er ekki aðalstarfsemi,
- d) fjármálastarfsemin er viðbót við og tengist beint aðalstarfsemi,
- e) að undanskilinni starfseminni sem vísað er til í e-lið 3-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB, er aðalstarfsemin ekki meðal þeirrar starfsemi sem getið er um í 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar,
- f) fjármálastarfsemin er einungis í boði fyrir viðskiptamenn aðalstarfseminnar og stendur almenningi alla jafna ekki til boða.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar má heildarvelta fjármálastarfseminnar ekki fara yfir viðmiðunarmörk sem verða að vera nægilega lág. Þessi viðmiðunarmörk skal ákveða í hverju landi fyrir sig eftir því um hvers konar fjármálastarfsemi er að ræða.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skulu aðildarríkin setja hámarks viðmiðunarmörk um hvern viðskiptavin og stök viðskipti, hvort sem viðskiptin fara fram í einni aðgerð eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annari. Þessi viðmiðunarmörk skal ákveða í hverju landi fyrir sig eftir því um hvers konar fjármálastarfsemi er að ræða. Þau skulu vera nægilega lág til þess að tryggja að viðskiptin sem um ræðir séu óhentug og óskilvirk aðferð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, og skulu ekki vera hærri en 1 000 evrur.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skulu aðildarríkin krefjast þess að velta fjármálastarfseminnar fari ekki yfir 5% af heildarveltu lögaðilans eða einstaklingsins sem málið varðar.

2. Við mat á hættunni á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka að því er varðar 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB, skulu aðildarríkin fylgjast sérstaklega með hverri þeirri fjármálastarfsemi sem einkum telst líkleg, vegna eðlis síns, til að verða notuð eða misnotuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Aðildarríkin skulu ekki líta svo á að fjármálastarfsemi, sem um getur í 1. mgr., fylgi lítil hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka ef fyrir liggja upplýsingar sem gefa til kynna að hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé e.t.v. ekki lítil.

3. Í sérhverri ákvörðun skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB skal koma fram rökstuðningur fyrir henni. Aðildarríkin skulu gera ráð fyrir þeim möguleika að afturkalla þá ákvörðun ef aðstæður skyldu breytast.

4. Aðildarríkin skulu koma á fót eftirlitsaðgerðum sem byggjast á áhættumati eða gera hvers konar aðrar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að undanþága, sem veitt er með ákvörðunum skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB, sé ekki misnotuð af hugsanlegum peningaþvættum eða fjármögnunar- aðilum hryðjuverka.

5. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. desember 2007. Þau skulu senda framkvæmdastjórninni þegar í stað þessi ákvæði og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.